



## Fundargerð

490. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps  
haldinn í fundaraðstöðu Skaftárhrepps Klausturvegi 4  
miðvikudaginn 29. mars 2023, kl. 13:00.

### Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bergur Sigfússon, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega Berg Sigfússon, sem væri að sitja sinn fyrsta fund í sveitarstjórn Skaftárhrepps.

Oddviti setti fundinn klukkan 13.00.

### Fundargerð

1. 2303001F - Skipulagsnefnd - 182

1.1 2211020 - Tunga - Umsókn um skipulagsmál - br á dsk

#### Niðurstaða Skipulagsnefnd - 182

Eftir auglýsingu var bætt inn í tillöguna umfjöllun um vatn og frárennsli í samræmi við umsögn Heilbrigðiseftirlitsins en svæðið er tengt vatnsveitu Kirkjubæjarklausturs og skipulag frárennslis er skv. gildandi aðalskipulagi.

Skipulagsnefnd, samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulag, skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim skilyrðum að hámarkshraði á Meðallandsvegi 204, verði tekinn niður frá Þjóðvegi 1 að Hæðarlæk. Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá málinu.

*Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.*

1.2 2303002 - Grenndarkynning, Snæbýli 1, íbúðarhús

#### Niðurstaða Skipulagsnefnd - 182

Skipulagsnefnd samþykkir að falla frá grenndarkynningu skv. 3. mgr. 44. gr skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem framkvæmdin varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og eða umsækjanda.

*Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.*

1.3 2303003 - Grenndarkynning, Efri-Ey II, frístundahús

#### Niðurstaða Skipulagsnefnd - 182

Skipulagsnefnd samþykkir að falla frá grenndarkynningu skv. 3. mgr. 44. gr skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem framkvæmdin varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og eða umsækjanda.

*Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.*

Alh Shi.  
GTH  
BS  
J-S



- 1.4 2303004 - Breyting á deiliskipulagi íbúða- og fristundabyggðar í Landi Efri-Víkur við Kindagötu.

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 182**

Skipulagsnefnd samþykkir breytingu á deiliskipulagi. Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá málinu.

***Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.***

- 1.5 2303005 - Breytt skráning fyrir Kirkjubæjarklaustur 2 landnr. 194079

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 182**

Skipulagsnefnd samþykkir breytta skráningu fyrir Kirkjubæjarklaustur 2 landnr. 194079 í Staðartún.

***Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.***

- 1.6 2303006 - Stækkun lóðar Siggulundur L 227211

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 182**

Skipulagsnefnd samþykkir umsóknina. Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá málinu.

***Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.***

Sveinn Hreiðar Jensson, vék af fundi undir þessum lið.

**Fundargerðir til kynningar**

2. 2303026 - Kirkjubæjarstofa -þekkingasetur

*Lögð fram fundargerð stjórnar frá 16. mars 2023.*

***Fundargerðin lögð fram til kynningar.***

3. 2303030 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

*Lögð fram fundargerð 592. fundar stjórnar, frá 3. febrúar 2023.*

***Fundargerðin lögð fram til kynningar.***

4. 2303031 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

*Lögð fram fundargerð 593. fundar stjórnar, frá 3. mars 2023.*

***Fundargerðin lögð fram til kynningar.***

5. 2303032 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands

*Lögð fram fundargerð 225. fundar, frá 3. mars 2023.*

***Fundargerðin lögð fram til kynningar.***

shi Ak  
BS  
BS  
1475  
DS



6. 2303029 - Vatnajökulsþjóðgarður  
*Lögð fram fundargerð 108. fundar svæðisráðs vestursvæðis, frá 8. mars 2023.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
7. 2303027 - Faghópur um ferðamál  
*Lögð fram fundargerð, frá 13. mars 2023.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
8. 2303028 - Samtök Orkusveitarfélaga  
*Lögð fram fundargerð 58. fundar stjórnar, frá 7. mars 2023.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

#### Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

9. 2303033 - Reglur um grenjavinnslu í Skaftárhreppi  
*Lagðar fram reglur um grenjavinnslu í Skaftárhreppi*  
Oddviti lagði fram drög af reglum vegna grenjavinnslu á ref. Greindi oddviti frá því að hann og sveitarstjóri hefðu átt fund með núverandi grenjaskyttum.  
**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi reglur vegna grenjavinnslu og er sveitarstjóra falið að auglýsa eftir veiðimönnum skv. þeim.**
10. 2303024 - Reglur fyrir Heilsuleikskólann Kærabæ  
*Lagðar fram nýjar reglur fyrir Heilsuleikskólann Kærabæ.*  
Oddviti lagði fram drög af reglum vegna leikskóla í Skaftárhreppi.  
**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi reglur.**
11. 2303023 - Tillögur að aðgerðum til að liðka fyrir ráðningum starfsmanna í leikskóla  
Oddviti, lagði fram tillögur með aðgerðum til að liðka fyrir ráðningum og til að bregðast við mönnunarvanda og bæta starfsumhverfi á leikskóla sveitarfélagsins.  
**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögur og jafnframt samþykkir sveitarstjórn að sambærilegar reglur verði unnar fyrir aðrar stofnanir sveitarfélagsins.**

sh. Al  
GRS  
BS  
JS



12. 2303013 - Eiríkur B. Kjartansson

*Tekið er fyrir bréf frá Eiríki B. Kjartanssyni, dagsett 22. febrúar 2023. Með bréfinu segir Eiríkur, starfi sínu lausu sem forstöðumaður Eignarsjóðs Skaftárhrepps.*

***Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá starfslokum Eiríks.***

Er Eiríki þökkuð störf fyrir sveitarfélagið.

13. 2303034 - Sorphirða í Vestur-Skaftafellssýslu.

*Lagt fram útboðs- og verklýsing.*

Sveitarstjóri lagði fram útboðslýsingu vegna sorphirðu í Vestur-Skaftafellssýslu.

En Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur stefna að því að vera með sameiginlegt útboð á sorphirðu í sveitarfélögunum.

***Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi útboðslýsingu og sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.***

14. 2303037 - Starfsmannamál

Sveitarstjóri greindi frá stöðu starfsmannamála.

Sveitarstjóra er falið að auglýsa eftir kennurum í leik- og grunnskóla.

Sveitarstjóri greindi frá því að samningar stæði yfir vegna stöðu byggingarfulltrúa og að Landmótun myndi sjá um skipulagsmál fyrst um sinn. Sveitarstjóri greindi frá því að Rúnar Þorri Guðnason, hefði verið ráðinn sem verkefnastjóri vegna utanhúss framkvæmda við Klausturveg 4.

15. 2303020 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Erindi, dagsett, 10. mars 2023, vegna umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Selfells Guesthouse. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-G íbúðir. Staðsetning gististaðarins er Kálfafell.*

***Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.***

16. 2303021 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Erindi, dagsett, 7. mars 2023, vegna umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Snæbýli Cottage. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-G íbúðir. Staðsetning gististaðarins er Snæbýli 1.*

***Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.***

skri AL  
GSS  
1477  
29. BS



17. 2303022 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
*Erindi, dagsett, 10. mars 2023, vegna umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Glacier View Guesthouse. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV-B stærra gistiheimili. Staðsetning gististaðarins er Hrífunes lóð B.*  
***Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.***
18. 2303017 - Vottunarstofan Tún ehf.  
*Tekið er fyrir erindi, dagsett 17. mars 2023, þar sem Skaftárhreppi er gefinn kostur á að neyta forkaupsréttar á hlutabréfum í Vottunarstofunni í hlutfalli við eignarhlut sveitarfélagsins.*  
***Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða að neyta ekki forkaupsréttar að hinum selda hlut í hlutfalli við eignarhluta sveitarfélagsins í samræmi við ákvæði 7. gr. samþykktar Vottunarstofunnar Túns ehf..***
19. 2303016 - Eldvilji ehf.  
*Tekið er fyrir erindi, ódagsett, þar sem boðað er til aðalfundar Eldvilja ehf.. Verður fundurinn haldinn, mánudaginn 24. apríl 2023, klukkan 10.00 á Klausturvegi 4, Kirkjubæjarklaustri.*  
*Skaftárhreppur þarf að velja stjórnarmann í samráði við móteiganda sinn í Eldvilja ehf., sem er Kirkjubæjarstofa. Oddvita er falið að vinna málið áfram.*  
***Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Jóhannes Gissurarson, oddviti, fari með atkvæði Skaftárhrepps á aðalfundi Eldvilja ehf..***
20. 2303015 - Fornleifafræðistofan  
*Tekið er fyrir erindi, dagsett 2. mars 2023, þar sem óskað er eftir styrk vegna fornleifarannsóknna í Arfabót sumarið 2023.*  
***Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita verkefninu 250 þús.kr. styrk sem er tekið af lið 0543-9191***
21. 2303014 - FOSS-stéttarfélag  
*Tekið er fyrir erindi, ódagsett, þar sem Skaftárhreppi gefst kostur á því að taka þátt í verkefninu, sveitarfélag ársins 2023.*  
***Sveitarstjórn hafnar erindinu og finnst það skjóta skökku við að, sveitarfélög þurfi að greiða hundruði þúsunda til að taka þátt í mælingu um sveitarfélag ársins.***
22. 2302057 - Bergrisinn bs. Samþykktir  
*Lagðar fram samþykktir Bergrisans bs. til seinni umræðu í sveitarstjórn.*  
***Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlagðar samþykktir og felur sveitarstjóra að undirrita þær fyrir hönd sveitarfélagsins.***

Shi. Ah  
1478  
FS  
DS



23. 2303039 - Skólamál

**Skólahúsnæði:**

Sveitarstjóri greindi frá því að í framhaldi af samþykkt sveitarstjórnar, við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2023 hefur verið samið við Alark arkitekta, í þeim tilgangi að taka út skólahúsnæði Kirkjubæjarskóla á Síðu og koma með tillögur til að sameina leik- og grunnskóla sveitarfélagsins á einum stað og sem eina rekstrareiningu.

24. 2303038 - Sala eigna

Oddviti lagði fram tillögu þess efnis að vöruskemma sem keypt var frá H.Haukssyni og átti að nýtast sem sorpflokkunarstöð, verði auglýst til sölu, ásamt hurðum frá Héðni ehf. og fyrirliggjandi teikningum.

***Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tillögu og er sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.***

Oddviti lagði fram tillögu þess efnis að íbúðagámur sem stendur við gá mavöll, sveitarfélagsins verði auglýstur til sölu.

***Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tillögu og er sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.***

25. 2303040 - Innkaupastefna Skaftárhrepps

Oddviti lagði fram drög að nýrri innkaupastefnu fyrir Skaftárhrepp.

***Sveitarstjórn samþykkir framlögð drög samhljóða og er sveitarstjóra falið að kynna málið fyrir forstöðumönnum sveitarfélagsins.***

26. 2303041 - Innkaupareglur Skaftárhrepps

Oddviti lagði fram drög að nýjum innkaupareglum fyrir Skaftárhrepp.

***Sveitarstjórn samþykkir framlögð drög samhljóða og er sveitarstjóra falið að kynna málið fyrir forstöðumönnum sveitarfélagsins.***

**Mál til kynningar**

27. 2303012 - Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS)

*Tekið er fyrir bréf, dagsett, 21. mars 2023 vegna eftirfylgni með úrbótum vegna úttektar á starfsemi slökkviliðs ásamt stöðu brunavarnaáætlunar*

***Lagt fram til kynningar.***

28. 2303011 - Innviðaráðuneytið

*Tekið er fyrir bréf, dagsett, 15. mars 2023 sem innheldur Hvatningu vegna tillagna verkefnisstjórnar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa*

***Lagt fram til kynningar.***

SHI. AG  
S. BS  
1479




29. 2303010 - Landsfjórðungshúsa verkefnið Askur  
*Tekið er fyrir bréf, dagsett 10. febrúar 2023, þar sem fram kemur að verkefnið Landsfjórðungshús, sem Skaftárhreppur stóð að fékk 2 milljónir í styrk frá Askmannvirkjarannsóknarsjóði.*  
**Lagt fram til kynningar.**
30. 2303009 - Katla jarðvangur ályktun  
*Tekið er fyrir bréf, dagsett, 16. mars 2023, frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Minjastofnun Íslands, Vatnajökulsþjóðgarði, Umhverfisstofnun, Jarðfræðifélagi Íslands og Háskóla Íslands, sem inniheldur stuðningsyfirlýsingu um áframhaldandi starf Kötlu jarðvangs.*  
**Lagt fram til kynningar.**
31. 2303008 - Katla jarðvangur stuðningur  
*Tekið er fyrir bréf, ódagsett, frá Háskólafélagi Suðurlands, sem inniheldur bókun frá 90. stjórnarfundum félagsins og er stuðningsyfirlýsingu um áframhaldandi starf Kötlu jarðvangs.*  
**Lagt fram til kynningar.**
32. 2303007 - Katla jarðvangur bréf  
*Tekið er fyrir bréf, dagsett, 20. febrúar 2023, frá Æsu Guðrúnardóttur og Sigurði Sigursveinssyni, sem inniheldur stuðningsyfirlýsingu um áframhaldandi starf Kötlu jarðvangs.*  
**Lagt fram til kynningar.**
33. 2303018 - Lánasjóður sveitarfélaga ohf.  
*Tekið er fyrir bréf, ódagsett, sem er aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélagan ohf. Verður fundurinn haldinn 31. mars 2023 á Grand Hótel, Reykjavík.*  
**Lagt fram til kynningar.**
34. 2303036 - Trúnaðarmál  
Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu.
- Skýrsla sveitarstjóra**
35. 2303035 - Skýrsla sveitarstjóra 490. fundur  
Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum.

Shi: Ah  
GS  
BS  
1480  
gs.




Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl.18.48.

  
Jóhannes Gissurarson

  
Bergur Sigfússon

  
Gunnar Pétur Sigmarsson

  
Auður Guðbjörnsdóttir

  
Sveinn Hreiðar Jensson